

MEÐ TÆRNAR Á LANDI OG SJÓ


FRAMTÍÐARSÝN OG LANDSLAGSHÖNNUN

Umhverfisskipulag IV- Verkefni 5 - Landbúnaðarháskóli Íslands
Nemandi: Anna Margrét Sigurðardóttir 15.05.2015

Megin markið tillögunnar er að mynda flæði um Hvalfjörðinn og auka aðsókn í botn Hvalfjarðar. Þar er náttúruvegurð allmikil og möguleikar óþrjótandi til að njóta frábærar útiveru í nágrenni við höfuðborgarsvæðið. Svæðið myndar sterkan staðaranda og dregur fram séreinkenni og góð tenging á að vera á milli lands og sjó.

STAÐSETNING

Þyrilsland í Hvalfjarðarsveit



Valið svæði út frá landgreiningu í verkefni 4 í UMSK IV var karaktersvæði 1 sem afmarkast af botni Hvalfjarðar og að Saurbæ. Valið svæðið er Þyrilsland, gamla líparítnáman og Þyrilsnes.

EINKENNI

Svæðið er með mikla sögu og einstaka náttúru með útsýnið á Þyril og út fjörðinn. Það getur orðið vindasamt hjá Þyrli og kemur nafnið þaðan. Húsið sem stendur við líparítnámuna bíður upp á mikla möguleika til að endurnýta og gefa henni nýtt hlutverk. Fjaran er falin perla.

INNBLÁSTUR

HARÐAR SAGA OG HÓLMVERJA

Helga Jarlsdóttir

LÍPARÍTNÁMAN

Nauthólsvík

Hofsós

HELGUSKARÐ

Þyril

Fjaran & sjórinn

HELGUSUND

ÞYRILSNES

GEIRSHÓLMI


Akrafall

LANDGREINING

Svæðið er fjölbreytt hvað varðar náttúru og landslag. Hvalfjarðarvegur skiptir svæðinu í tvennt. Fyrir ofan veginn er líparítnáma sem er ekki lengur í notkun og gróður vaxnar hlíðar ásamt snarbröttum hömrum Þyrils. Fyrir neðan veginn er friðsæl fjara sem gengur út í sjóinn. Útsýni er í allar áttir og svæðið býður upp á einstæða upplifun.

Gróðurlendi


- Votlendi
- Mólandi
- Ræktað land
- Mosi
- Líttgróið
- Graslendi



Það sem einkennir náttúrusvæðið er líttgróið land umvafið mólandi ásamt mosa og ræktaðu landi. Mikið svæði er markað af líparítnámunni og er það óheillandi en bíður upp á marga möguleika. Það sem er áhugavert á svæðinu er nálægðin við sjóinn, litríkur jarðvegur og hlíðarnar við Þyril.

Umferð og vatn


- Gamlar gönguleiðir
- Vatn
- Akstur



Bláskeggsá rennur vestan við líparítnámuna og gegnir lykilatriði í upplifuninni á svæðinu. Elsta steypa brú landsins liggur yfir ána og er hún einkennandi fyrir svæðið. Hljóðið sem kemur frá ánni er einstaklega róandi.


Minjar

- Hvalstöð
- Ollugeymar
- Sementsnáma
- Goðahóll
- Fjárhús
- Túngarður
- Indriðastigur
- Bláskeggssárbrú
- Helguskarð
- Þyrill, bærinn
- Herminjar



Minjarnar á svæðinu eru allnokkrar. Undir fjallinu Þyril stóð bærinn Þyrill og Goðahóll sem sjást ekki í dag, við þá stóð fjárhús, hleðslunar eru signar. Túngarður er vestan við bæina. Indriðastigur er gömul þjóðleið um Litlasandsdal. Bláskeggssárbrú er fyrsta steypa brúin á Íslandi. Helguskarð er sögustaður, sagan segir að Helga hafi klifið upp með sýni sína á flóttanum eftir víg Hólmverja. Herminjar eru þrjár á svæðinu og það sést til þeirra allra.

Sjónlínur



Útsýni er til allra átta. Meðal kennileita innan svæðisins má nefna: Þyril, Þyrilsnes, Geirshólmi sem er lítil eyja í miðju Helgusundi og sjálft Helgusund, Akrafjall sem er við enda fjörðinn, Brekkurkambur og Þúfufjall.

SVIÐSMYNDIR


Að óbreyttu:

Líparítsmiðjan heldur áfram að standa óhreyfð og yfirgefin og með tímanum brotnar húsið niður sem stendur við hana og veldur sjónmengun. Staðurinn missir staðarandann og gleymist.

Versta sýn:

Svæðið yrði gert að sumarbústaðarlóð með einkavegum svo aðgengi upp að hlíðum Þyrils væru ekki aðgengilegar almenningi. Lóðirnar yrðu afmarkaðar með tjágróðri sem myndu breyta ásýnd fjallsins og skyggja á útsýnið yfir fjörðinn.

Vinmyllur sem skyggja á útsýnið út fjörðinn og valda sjónmengun.



Besta sýn:

Tengja land við sjó og gera svæðið aðgengilegt almenningi til að njóta náttúrunnar í grennd við höfuðborgarsvæðið. Láta svæðið stuðla að heilsusamlegum lífstíl með fjölbreyttri og skemmtilegri útivist. Svæðið sé aðdráttarafl í botn Hvalfjarðar og henti ungum sem öldrum.

HUGMYND

Sjósundsaðstaða – Sundlaug - Sauna

Stígarnir tengjast gamlri þjóðleið og þeir liggja um allt svæðið, í fjöruna og alveg upp á topp Þyrils. **Bryggjan** gengur út þar sem skil eru á milli flóði og fjöru svo hægt sé að sjá muninn. Hún bíður upp á að vera með kajaka og smábáta og er húsið á miðsvæðinu tilvalið til að hýsa bátana. Bryggjuna er hægt að nýta til að stytta sund leiðina að **sauninni** sem er 200 metra fjarlægð. Í fjörunni er **sundlaug** sem liggur vel í umhverfinu nálægt sjónum og þar er hægt að slaka á eftir **sjósundið**.

Tónar hafsins: Hljóðið, dýralífið og spennan sem fylgir hafinu hefur mikið aðdráttarafl bæði fyrir unga sem aldna.

Þytur loftsins: Víðáttu mikið útsýni og opið landslag, himinn og hljóð náttúrunnar til að hvíla hugann.

Öldur landsins: Hólar, hæðir, klettar og nes skapa mismunandi umhverfi sem hefur þá hæfni að ýta undir sálfræðilega endurheimt.

Upplifun: Komast frá fjalli, landi og út í sjó. Líparítnáman er hægt að móta eins og leir og mynda skemmtilegt svæði sem hefur mikið notagildi.

Mannlíf í kjarnanum: Líparítnáman getur verið umgjörð undir margar uppákomur. Þar er hægt að vera með útileikhús, tónleika og ýmis mannamót.

Heilbrigði: Svæðið býður upp á heilsusamlegan lífstíl fjarri amsti borgarinnar, það hvetur til hreyfingar og gefur tækifæri á að stíga út fyrir þægindarammann.



3. Útsýnispallur

GÆÐI SJÓSUNDS

Kuldinn sem fylgir sjósundi gerir okkur gott, styrkir ónæmiskerfi, blóðrásina og svo er sjórinn ríkur af söltum sem við þurfum. Sjórinn er einnig ríkur af joði sem gerir okkur gott. Líkaminn framleiðir endorfín sem veitirvellíðunartilfinningu og er bæði andlega og líkamlega gott fyrir mann að stunda sjósund.

